

# Staða og lífsskilyrði fólks sem starfar við ræstingar

*September 2023*

Rannsókn þessi er styrkt af  
Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar



Staða og lífsskilyrði fólks sem starfar við ræstingar.

Útgefandi: Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins  
Ábyrgðaraðili: Kristín Heba Gísladóttir  
Höfundar: Maya Staub og Kristín Heba Gísladóttir.  
Úrvinnsla tölfraeðilegra gagna: Maya Staub og Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík  
Sími: 535 5629  
Netfang: [rannvinn@rannvinn.is](mailto:rannvinn@rannvinn.is)  
Vefsíða Vörðu: [rannvinn.is](http://rannvinn.is)  
ISBN númer: 978-9935-532-24-4

© Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2023

## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Aðferð.....	2
2.1	Fyrirlögn.....	2
2.2	Svarhlutfall.....	2
2.3	Vigtun gagna.....	2
2.4	Mælingar.....	5
2.5	Marktækniþróf.....	6
3	Niðurstöður.....	7
3.1	Fjárhagsstaða.....	9
3.1.1	Ná endum saman.....	9
3.1.2	Geta mætt óvæntum 80 þúsund króna útgjöldum.....	10
3.1.3	Efnislegur skortur.....	10
3.1.4	Fjárhagsaðstoð.....	12
3.1.5	Yfirdráttur, smálán, bílalán og önnur skammtímalán.....	13
3.1.6	Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða þætti fyrir börn.....	13
3.1.7	Fjárhagsstaða - samantekt.....	15
3.2	Staða á húsnæðismarkaði.....	16
3.2.1	Byrði húsnæðiskostnaðar.....	16
3.3	Heilsufar.....	17
3.3.1	Líkamlegt heilsufar.....	18
3.3.2	Andlegt heilsufar.....	18
3.3.3	Heilsufar– samantekt.....	19
3.4	Starfstengd kulnun.....	20
3.5	Réttindabrot á vinnumarkaði.....	21
	Viðauki I.....	24

## Töfluyfirlit

<b>Tafla 1.</b> Flokkun aðildarféлага vegna vigtunar gagna.....	3
<b>Tafla 2.</b> Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka. ....	4
<b>Tafla 3.</b> Lýðfræðileg samsetning.....	8
<b>Tafla 4.</b> Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir.....	10
<b>Tafla 5.</b> Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar.....	10
<b>Tafla 6.</b> Efnislegur skortur. ....	11
<b>Tafla 7.</b> Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á. ....	12
<b>Tafla 8.</b> Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum.....	12
<b>Tafla 9.</b> Fjárhagsaðstoð (samanteknir þættir) á síðastliðnum 12 mánuðum. ....	13
<b>Tafla 10.</b> Hlutfall þeirra sem eru með yfirdrátt, smálán, bílalán, önnur skammtímalán eða lán hjá vini/fjölskyldumeðlim.....	13
<b>Tafla 11.</b> Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn. ....	14
<b>Tafla 12.</b> Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn (samanteknir þættir).....	15
<b>Tafla 13.</b> Staða á húsnæðismarkaði.....	16
<b>Tafla 14.</b> Byrði húsnæðiskostnaðar eftir. ....	16
<b>Tafla 15.</b> Byrði húsnæðiskostnaðar eftir stöðu á húsnæðismarkaði.....	17
<b>Tafla 16.</b> Líkamlegt heilsufar. ....	18
<b>Tafla 17.</b> Hlutfall þeirra sem finnur nánast daglega fyrir neikvæðum andlegum einkennum. ....	19
<b>Tafla 18.</b> Stig starfstengdrar kulnunar.....	20
<b>Tafla 19.</b> Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði.....	21
<b>Tafla 20.</b> Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði.....	22
<b>Tafla 21.</b> Einbreytutvíundagreining. Geta ekki mætt 80. þúsund króna óvæntum útgjöldum. ....	24
<b>Tafla 22.</b> Einbreytutvíundagreining. Skortur á efnislegum gæðum.....	24
<b>Tafla 23.</b> Einbreytutvíundagreining. Réttindabrot á vinnumarkaði. ....	24
<b>Tafla 24.</b> Einbreytutvíundagreining. Andleg líðan.....	24
<b>Tafla 25.</b> Einbreytutvíundagreining. Starfstengd kulnun. ....	24

# 1 Inngangur

Á vordögum hlaut Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins styrk úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar til að rannsaka lífsskilyrði og heilsu fólks sem starfar við ræstingar. Á seinni árum hefur endurskipulagning, niðurskurður, einkavæðing og útvistun orðin algengt stef í rekstri skipulagsheilda (Quinlan og Bohle, 2009). Slíkar breytingar eru oft gerðar í nafni betri nýtingar fjármagns en þær kalla hins vegar um leið á starfstengt óöryggi starfsfólks (Bos, Boselie og Trappenburg, 2017). Margt bendir líka til að einkavæðing opinberrar þjónustu dragi úr vellíðan starfsfólks. Þannig sýnir samantektarrannsókn (e. systematic review) á ólíkum rekstarformum hjúkrunarheimila að fjárhagsleg frammistaða hagnaðardriffinna heimila sé að jafnaði betri en þeirra sem eru óhagnaðardriffin en um leið að líðan hvoru tveggja starfsfólks og heimilisfólks sé almennt verri (Bos o.fl., 2017). Markmið verkefnisins er að greina stöðu þeirra sem starfa við ræstingar í samanburði við þau sem vinna önnur störf og varpa þannig ljósi á stöðu fólks sem vinnur erfið og oft og tíðum lágt launuð störf.

Notast er við gögn sem safnað var í árlegri könnun Vörðu um stöðu launafólks á Íslandi sem lögð var fyrir í febrúar og mars 2023 og niðurstöður birtar í maí 2023 (sjá Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2023). Í starfaflokkun Vörðu er sérstakur flokkur fyrir þau sem starfa við ræstingar og eru svör þeirra ítarlega greind í rannsókninni.

Aðferð rannsóknarinnar í heild er lýst í 2. kafla. Í 3. kafla er greint frá niðurstöðum greiningarinnar. Fyrst er greint frá lýðfræðilegri samsetningu þeirra sem starfa við ræstingar, þá er greint frá fjárhagsstöðu, stöðu á húsnæðismarkaði, fjárhagsstöðu eftir stöðu á húsnæðismarkaði, heilsufari, starfstengdri kulnun og síðast er greint frá réttindabrotum á vinnumarkaði. Niðurstöðurnar eru bornar saman við stöðu þeirra starfa í öðrum starfsgreinum.

## 2 Aðferð

Notað er heildarþýðisúrtak (e. total population sampling) sem er ein af tegundum markvissra úrtaka (purposive sampling) og er skilgreint þýði félagar í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Varða hefur ekki aðgang að félagaskrám aðildarfélaganna og hafa félögin sjálf milligöngu um að virkja félagsfólks sitt til þátttöku.

### 2.1 Fyrirlögn

Formaður BSRB og forseti ASÍ sendu formönnum allra aðildarfélaga (19 féлага innan BSRB og 44 innan ASÍ) tölvupóst og óskuðu eftir aðstoð þeirra við að koma könnuninni á framfæri við félagsfólk. Formenn aðildarfélaganna fengu upplýsingatexta um könnunina á íslensku, ensku og pólsku til að senda í tölvupósti til félagsfólks og voru jafnframt hvött til að senda sms skilaboð og hafa hlekk inn á „mínum síðum“.

Könnunin var opin frá 9. febrúar 2023 til 1. mars 2023. Hún var rafræn og aðgengileg með hlekk og hægt að svara könnuninni einu sinni á hverri IP-tölu. Svarendum gafst færi á að svara henni á íslensku, ensku eða pólsku.

### 2.2 Svarhlutfall

Könnunin er ætluð öllu félagsfólki heildarsamtaka ASÍ og BSRB. Greiddandi félagar innan 44 aðildarfélaga ASÍ voru 143.433 þann 1. janúar 2023. Innan BSRB voru í janúar 2023 samtals 24.456 félagar í 19 aðildarfélögum. Í þýðinu voru því samtals 167.889 einstaklingar. Könnuninni svöruðu 14.198 félagar og svarhlutfallið 8,5% í könnuninni í heild sinni. Í sérgreiningunni eru svör félagsfólks Eflingar sérstaklega greind. Af þeim 14.198 manns sem svöruðu könnuninni voru 13.491 á starfandi á vinnumarkaði og þar af 511 við ræstingar eða 3,8%.

### 2.3 Vigtun gagna

Þar sem að notast er við heildarþýðisúrtak í könnuninni sem gerir Vörðu kleift að safna upplýsingum án þess að hafa aðgang að þýðisskrá eru gögnin vigtuð út frá þekktum eiginleikum þýðisins til að þau endurspegli sem best þýðið í heild sinni. Til vigtunarinnar er félagatal beggja heildarsamtakanna nýtt og út frá því vightað eftir kyni og aðildarfélögum. Við vigtunina er aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB var skipt í flokka eftir eðli þeirra starfa sem félagsmenn í viðkomandi félögum sinna. Fjögur aðildarfélaganna féllu ekki í neinn flokk og voru vigtuð sér. Skiptingin er sýnd í töflu 1.

**Tafla 1. Flokkun aðildarfélaga vegna vigtunar gagna**

Vigtunarflokkur	Félög
ASÍ 1	AFL-Starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Báran stéttarfélag, Drifandi stéttarfélag, Eining – Iðja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélag Vesturlands, Stéttarfélagið Samstaða, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðsfélag Þórshafnar,
ASÍ 2	Efling stéttarfélag, Verkalýðsfélagið Hlíf
ASÍ 3	Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri, Verslunarmannafélag Skagfirðinga, VR.
ASÍ 4	Félag íslenskra rafvirkja, Félag íslenskra símamanna, Félag rafeindavirkja, Félag rafiðnaðarmanna Suðurlandi, Félag tæknifólks, Rafiðnaðarfélag Norðurlands, Rafiðnaðarfélag Suðurnesja
ASÍ 5	BYGGIÐN - félag byggingamanna, Félag iðn- og tæknigreina, Félag járníðnaðarmanna Ísafirði, Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Iðnsveinafélag Skagafjarðar, ÞINGIÐN, Grafía - stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum, MATVÍS, VM - félag vélstjóra og málm-tæknimanna, Mjólkurfræðingafélag Íslands
ASÍ 6	Sjómannafélag Eyjafjarðar, Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Sjómannafélagið Jötunn
FFÍ	Flugfreyjufélag Íslands
LEIÐSÖGN	LEIÐSÖGN - stéttarfélag leiðsögumanna
BSRB 1	Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, FOSS - stéttarfélag í almannatjónustu, Kjölur - stéttarfélag starfsmanna í almannatjónustu, Starfsmannafélag Húsavíkur, Starfsmannafélag Suðurnesja, Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar, Starfsmannafélag Garðabæjar, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
BSRB 2	Sameyki - stéttarfélag í almannatjónustu, Félag starfsmanna Stjórnarráðsins.
BSRB 3	Landssamband lögreglumanna, Landssamband slökkviliðs- og sjúkralutningamanna, Tollvarðafélag Íslands
BSRB 4	Félag flugmálastarfsmanna ríkisins, Félag íslenskra flugumferðarstjóra
BSRB 5	Sjúkraliðafélag Íslands
BSRB 6	Póstmannafélags Íslands

Þar sem að könnunin byggir á heildarþýðisúrtaki þar sem allir aðildarfélagar eiga jafna möguleika á að taka þátt er öllum vigtunarflokkunum gefin úrtaksvogin 1. Lokavogin er svo reiknuð út með því að deila svarhlutfalli viðkomandi flokks í úrtaksvogina. Vigtunaraðferðina má sjá í töflu 2.

Í ljósi þess að einungis örfá aðildarfélög innan ASÍ og BSRB bjóða upp á kynskráninguna „kvár“ eða „annað“ var eingöngu hægt að vigta gögnin út frá konum og körlum. Af þeirri ástæðu var ákvörðun tekin um að flokka kvár og kynsegin fólk með konum. Þetta var gert á forsendum kynjakerfisins þar sem bæði konur, kvár og kynsegin fólk er samfélagslega undirskipað körlum en best væri ef hægt væri að vigta gögnin í samræmi við raunverulega kynupplifun.

$$\frac{\text{Úrtaksvog}}{\text{Svarhlutfall}} * 100 = \text{Lokavog}$$

**Tafla 2. Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka.**

Vigtunarflokkur	Fjöldi í þýði	Fjöldi svara	Svarhlutfall	Úrtaksvog	Lokavog
<b>ASÍ 1</b>					
Karlar	21.476	473	2,20%	1	45,404
Konur	17.571	735	4,18%	1	23,906
<b>ASÍ 2</b>					
Karlar	18.982	1.009	5,32%	1	18,813
Konur	16.746	1.171	6,99%	1	14,301
<b>ASÍ 3</b>					
Karlar	20.680	1.616	7,81%	1	12,797
Konur	25.053	2.156	8,61%	1	11,620
<b>ASÍ 4</b>					
Karlar	5.243	702	13,39%	1	7,469
Konur	522	71	13,60%	1	7,352
<b>ASÍ 5</b>					
Karlar	13.951	565	4,05%	1	24,692
Konur	1.174	120	10,22%	1	9,783
<b>ASÍ 6</b>					
Karlar	567	4	0,71%	1	141,750
Konur	1	1	100%	1	1
<b>FFÍ</b>					
Karlar	123	24	19,51%	1	5,125
Konur	738	140	18,97%	1	5,271
<b>LEIDSÖGN</b>					
Karlar	349	27	7,74%	1	12,926
Konur	257	29	11,28%	1	8,862
<b>BSRB 1</b>					
Karlar	2.100	347	16,52%	1	6,052
Konur	5.404	1.324	24,50%	1	4,082
<b>BSRB 2</b>					
Karlar	4.623	391	8,46%	1	11,824
Konur	7.849	930	11,85%	1	8,440
<b>BSRB 3</b>					
Karlar	1.118	167	14,94%	1	6,695
Konur	357	60	16,81%	1	5,950
<b>BSRB 4</b>					
Karlar	405	46	11,36%	1	8,804
Konur	160	23	14,38%	1	6,957
<b>BSRB 5</b>					
Karlar	66	8	12,12%	1	8,250
Konur	1.917	424	22,12%	1	4,521
<b>BSRB 6</b>					
Karlar	269	29	10,78%	1	9,276
Konur	226	47	20,80%	1	4,809



## 2.4 Mælingar

*Andleg líðan:* Við mat á andlegri líðan var notast við Patient Health Questionnaire (PHQ-9) sem er einfaldur níu spurninga sjálfsmatskvarði sem hefur verið þýddur á íslensku og rannsakaður með tilliti til réttmætis og áreiðanleika. Kvarðinn metur einkenni þunglyndis og alvarleika þess (Andri Steinþór Björnsson et al., 2018). Spurt var um hversu oft á síðustu tveimur vikum viðkomandi hefði fundið fyrir hverju einkenni fyrir sig á fjörgildum skala (0 = alls ekki, 1 = nokkra daga, 2 = meira en helmings tímans, 3 = nánast alla daga). Spurt var um eftirfarandi einkenni: 1) Lítil áhugi eða gleði við að gera hluti. 2) Verið niðurdregin/n/ð, dapur/döpur/dapurt eða vonlaus/t. 3) Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina. 4) Þreyta og orkuleysi. 5) Lystarleysi eða ofát. 6) Liðið illa með sjálfa/n/t þig eða fundist að þér hafi mistekist eða ekki staðið þig í stykkinu gagnvart sjálfum/sjálfri/sjálfu þér eða fjölskyldu þinni. 7) Erfiðleika með einbeitingu, t.d. við að lesa blöðin eða horfa á sjónvarp. 8) Hreyft þig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því. Eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus/t eða óróleg/ur/t að þú hreyfðir þig miklu meira en venjulega. 9) Hugsað um að það væri betra að þú værir dái/n/ð eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt (Agnes Agnarsdóttir et al., e.d.). Hver svarandi gat fengið 0-27 stig. Hér eru 10 eða fleiri stig metin sem slæm andleg heilsa (Kroenke & Spitzer, 2002). Þeir sem merkja ekki við neina spurningu fá brottfallsgildi. Þeir sem merkja við a.m.k. eina spurningu en svara ekki öllum spurningunum finna ekki fyrir þeim einkennum sem þeir merkja ekki við og fá gildið 0 í stað brottfallsgildis. Heilsan er því ekki verri en gögnin segja til um.

*Kulnun:* Til að meta kulnunareinkenni þátttakenda var notast við Kaupmannahafnar kulnunarkvarðann (e. Copenhagen Burnout Inventory). Mælitækinu er skipt í þrjá þætti kulnunar; persónutengda kulnun, starfstengda kulnun og kulnun tengd samskiptum við viðskiptavini/skjólstæðinga. Í þessari könnun er einungis mæld starfstengd kulnun. Þátturinn samanstendur af sjö spurningum sem svarendur eru beðnir um að merkja við á raðkvarða frá 0 = aldrei, 1 = sjaldan, 2 = stundum, 3 = oft, 4 = alltaf eða frá 0 = að mjög litlu leyti, 1 = að litlu leyti, 2 = að einhverju leyti, 3 = að miklu leyti, 4 = að mjög miklu leyti. Kulnunareinkennunum er svo skipt í fjóra flokka A), B), C) og D) eftir styrkleika þeirra á kvarðanum sem spannar á heildina 0 til 28 stig. Í flokk A) raðast einstaklingar með 0-6 stig á kvarðanum og teljast ekki með kulnunareinkenni. Í flokk B) raðast einstaklingar með 7-13 stig og ættu þeir að vera meðvitaðir um nokkur einkenni. Í flokk C) raðast einstaklingar með 14-20 stig en þeir teljast með kulnunareinkenni sem bregðast þyrfti við. Að lokum er það flokkur D) en í hann raðast

einstaklingar með 21 stig eða meira. Þeir teljast örmagna eða útbrunnir og þyrftu tafarlaust aðstoð (Berglind Harpa Svavarsdóttir & Elísabet Hjörleifsdóttir, 2020; Borritz & Kristensen, 2004).

*Skortur á efnislegum gæðum:* Fjárhagsstaða var metin með nokkrum spurningum þar með talið spurningum sem saman mæla efnislegan skort samkvæmt skilgreiningu sem Hagstofa Evrópusambandsins og Hagstofa Íslands nota. Spurt var hvort einhver níu staðhæfinga ætti við um heimili svarenda. Staðhæfingarnar voru: 1) Vanskil á leigu, húsnæðislánum eða öðrum lánum vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum. 2) Hef ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldu. 3) Hef ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag. 4) Get ekki mætt óvæntum útgjöldum. 5) Hef hvorki efni á heimsíma né farsíma. 6) Hef ekki efni á sjónvarpstæki. 7) Hef ekki efni á þvottavél. 8) Hef ekki efni á bíl. 9) Hef ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu. Samkvæmt skilgreiningu búa þau við skort sem búa á heimili sem þrír af ofantöldum þáttum eiga við um (Hagstofa Íslands, 2022d).

## 2.5 Marktækniþróf

Persons kí-kvaðrat þróf ( $\chi^2$ ) var notað til að reikna út tölfræðilega marktækni. Þrófið metur hvort marktækur munur er á milli mismunandi hópa í tíðnitöflum. Miðað var við 95% vikiörk, \* =  $p < 0,05$ , \*\* =  $p < 0,01$ .

### 3 Niðurstöður

Fjallað er um niðurstöðurnar í fimm köflum, þar sem staða þeirra sem starfa við ræstingar er borin saman við stöðu launafólks í öðrum starfsgreinum. Kafli 3.1. fjallar um fjárhagsstöðu. Kafli 3.2. um stöðu á húsnæðismarkaði. Kafli 3.3. um líkamlega og andlega heilsu og kafli 3.4. um starfstengda kulnun. Í kafla 3.5. er svo greint frá réttindabrotum sem þau sem starfa við ræstingar hafa orðið fyrir á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði.

Tafla 3 sýnir lýðfræðilega samsetningu þeirra sem starfa við ræstingar í samanburði við þau sem starfa í öðrum starfsgreinum. Samsetning þeirra sem starfa við ræstingar er mjög frábrugðin samsetningu þeirra sem eru í öðrum starfsgreinum þegar litið er til kyns, aldurs, uppruna og fjölskyldustöðu. Mikill meirihluti þeirra sem starfa við ræstingar eru konur (74,4%) en um fjórðungur (25,4%) eru karlar og mun lægra hlutfall kvár (0,2%). Þegar litið er til þeirra sem eru innan ASÍ og BSRB í heild sinni er ríflega helmingur (54,6%) karlar og tæplega helmingur konur (45%). Helmingur (50,2%) þeirra sem starfa við ræstingar eru 40 ára eða yngri (á móti 44,4%) og ríflega þrjú fjórðu hlutar (78,2%) eru innflytjendur (á móti 26,1%). Um 1 af hverjum 10 (11,1%) eru með annan húðlit en hvítan (á móti 3,9%). Lægra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar eru í sambúð (61,1% á móti 72,2%) en herra hlutfall eru einstæðir foreldrar (12,1% á móti 7,4%). Þegar litið er til menntunar má sjá að tæpur þriðjungur þeirra sem starfa við ræstingar eru með háskólapróf (29,5%) sem er ögn herra hlutfall en almennt meðal félagsfólks innan ASÍ og BSRB (29,2%). Einnig er herra hlutfall með stúdentspróf (27,2% á móti 19,2%) en lægra hlutfall með menntun á grunnskólastigi (19,3% á móti 20,1%), iðnmenntun (14,2% á móti 18,1%) og starfstengda menntun á framhaldsskólastigi (7,5% á móti 12,2%). Meirihluti þeirra sem starfa við ræstingar eru búsett á höfuðborgarsvæðinu (62,6%) en lægra hlutfall á Suðurnesjum (11,9%), Suðurlandi (9,9%) og í öðrum landshlutum.

**Tafla 3. Lýðfræðileg samsetning.**

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	<i>N</i>	<i>P</i> -gildi
<i>Kyn</i>					
Konur	74,4%	45,0%	46,3%	12.378	0,000**
Karlar	25,4%	54,6%	53,4%		
Kvár	0,2%	0,4%	0,3%		
<i>Aldur</i>					
30 ára og yngri	21,4%	18,1%	18,2%	13.122	0,000**
31 – 40 ára	28,8%	26,3%	26,4%		
41 – 50 ára	25,6%	22,3%	22,5%		
51 – 60 ára	16,7%	20,0%	19,9%		
61 árs og eldri	7,5%	13,2%	13,0%		
<i>Uppruni</i>					
Innfæddir, hvítir	20,5%	69,3%	67,2%	12.461	0,000**
Innfæddir með annan húðlit en hvítan	0,4%	0,4%	0,4%		
Innflytjendur, hvítir	67,1%	22,2%	24,1%		
Innflytjendur með annan húðlit en hvítan	11,1%	3,9%	4,2%		
Með erlendan bakgrunn, hvítir	0,6%	3,4%	3,3%		
Með erlendan bakgrunn og annan húðlit en hvítan	0,3%	0,7%	0,7%		
<i>Fjölskyldustaða</i>					
Í sambúð með barn/börn	29,8%	37,5%	37,2%	13.163	0,000**
Í sambúð	31,3%	34,7%	34,5%		
Einstæðir foreldrar	12,1%	7,4%	7,6%		
Einhleypir	26,7%	20,5%	20,7%		
<i>Menntun</i>					
Grunnskólanám eða sambærilegt	19,3%	20,1%	20,0%	13.443	0,000**
Háskólanám	29,5%	29,2%	29,2%		
Iðnnám	14,2%	18,1%	17,9%		
Starfstengt nám á framhaldsskólastigi	7,5%	12,2%	12,0%		
Stúdentspróf	27,2%	19,2%	19,6%		
Annað	2,3%	1,2%	1,3%		
<i>Búseta</i>					
Austurlandi	1,1%	1,3%	1,3%	13.463	0,000**
Höfuðborgarsvæðinu	62,6%	58,4%	58,6%		
Norðurlandi eystra	2,6%	8,2%	7,9%		
Norðurlandi vestra	4,7%	3,7%	3,8%		
Suðurlandi	9,9%	10,1%	10,1%		
Suðurnesjum	11,9%	10,9%	10,9%		
Vestfjörðum	4,2%	4,4%	4,4%		
Vesturlandi	1,2%	2,6%	2,5%		
Annað	1,8%	0,5%	0,6%		

### 3.1 Fjárhagsstaða

Í könnuninni um stöðu launafólks á vinnumarkaði var fjárhagsstaða metin með nokkrum spurningum. Spurt var hversu auðvelt eða erfitt væri að ná endum saman, hvort svarendur hefðu fengið fjárhagsaðstoð, byggju við efnislegan skort, gætu mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum, hvort þeir væru með yfirdrátt, smálán eða bílalan og hvort fjárhagsstaða þeirra væri betri eða verri nú en fyrir ári síðan.

Í lífskjararannsókn Hagstofu Íslands má finna mælingar á skorti á efnislegum gæðum (Hagstofa Íslands, 2022d), hversu auðvelt eða erfitt fólk á með að ná endum saman, hvort það geti mætt 180.000 kr. óvæntum útgjöldum (Hagstofa Íslands, 2022a) og einnig hvort fólk hafi fengið fjárhagsaðstoð frá sveitafélagi (Hagstofa Íslands, 2020). Þessar mælingar svipar að mörgu leyti til þeirra mælinga sem Varða notar í þessari könnun.

Samkvæmt niðurstöðum Hagstofunnar bjó 4,2% landsmanna við skort á efnislegum gæðum árið 2021. Þegar staðan er skoðuð með tilliti til stöðu fólks á húsnæðismarkaði, má sjá að 2,4% þeirra sem búa í eigin húsnæði á mótí 10,9% þeirra sem búa í leiguhúsnæði bjuggu árið 2021 við skort á efnislegum gæðum (Hagstofa Íslands, 2022d). Eins voru árið 2021 um 24% landsmanna sem erfitt áttu með að ná endum saman og 51,5% meðal einstæðra foreldra (Hagstofa Íslands, 2022a). Hlutfall þeirra sem ekki gat mætti 180.000 kr. óvæntum útgjöldum var 22,5% árið 2021, en það hlutfall var einnig mun hærra meðal einstæðra foreldra eða 41,1%.

Samkvæmt niðurstöðum Hagstofunnar bjó 12,8% heimila við íþyngjandi byrði af húsnæðiskostnaði árið 2021. Það hlutfall er þó mun hærra meðal leigjenda eða 27% (Hagstofa Íslands, 2022b).

#### 3.1.1 Ná endum saman

Niðurstöður um hversu auðvelt eða erfitt fólk sem starfar við ræstingar annarsvegar og hins vegar þau sem eru í öðrum störfum, á með að ná endum saman eru birtar í töflu 4. Taflan sýnir að mun hærra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar á mjög erfitt (10,4% á mótí 6,3%), erfitt (18,8% á mótí 10,9%) og nokkuð erfitt (30,1% á mótí 25,3%) með að ná endum. Að sama skapi er lægra hlutfall sem á mjög auðvelt (4,4% á mótí 8,4%), auðvelt (6% á mótí 11,5%) og nokkuð auðvelt (23,5% á mótí 34,3%) með að ná endum saman.

**Tafla 4.** Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir.

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	P-gildi
Mjög auðvelt	4,4%	8,4%	8,2%	0,000**
Auðvelt	6,0%	11,5%	11,3%	N = 12.988
Nokkuð auðvelt	23,5%	34,3%	33,8%	
Nokkur erfitt	30,1%	25,3%	25,5%	
Erfitt	18,8%	10,9%	11,2%	
Mjög erfitt	10,4%	6,3%	6,5%	
Vil ekki svara	6,8%	3,3%	3,5%	

### 3.1.2 Geta mætt óvæntum 80 þúsund króna útgjöldum

Spurt var hvort þátttakendur gætu mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum í dag án þess að stofna til skuldar og niðurstöðurnar sem sýndar eru í töflu 5 greindar meðal þeirra sem starfa við ræstingar og þeirra sem eru í öðrum störfum. Tæplega helmingur (49,6%) þeirra sem starfa við ræstingar gætu ekki mætt svo háum óvæntum útgjöldum og er hlutfallið nokkuð hærra en meðal þeirra sem eru í öðrum störfum (37%). Að sama skapi er mun lægra hlutfall þeirra sem starfa í ræstingum sem gæti mætt slíkum útgjöldum (31,2%) samanborið við annað launafólk (51,5%). Auk þess er hærra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar sem svarar að það viti ekki hvort það gæti mætt slíkum útgjöldum (17,2% á móti 10,1%).

Einbreyttvíundagreining (sjá viðauka) leiddi jafnframt í ljós að fólk sem starfar við ræstingar er 55% líklegra en þau sem eru í öðrum störfum til þess að geta ekki mætt 80 þúsund króna óvæntum útgjöldum.

**Tafla 5.** Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	P-gildi
Já	31,2%	51,5%	50,6%	0,000**
Nei	49,6%	37,0%	37,5%	N = 12.957
Veit ekki	17,2%	10,1%	10,4%	
Vil ekki svara	2,0%	1,5%	1,5%	

### 3.1.3 Efnislegur skortur

Niðurstöður um þætti efnislegs skorts eru birtar í töflu 6 greint meðal þeirra sem starfa við ræstingar í samanburði við fólk í öðrum störfum. Staða þeirra sem starfa við ræstingar er á öllum þáttum verri. Hærra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar en fólks í öðrum störfum er í vanskilum á leigu eða lánnum (9,3% á móti 4,6%), getur ekki mætt óvæntum útgjöldum (38,5% á móti 28%), hefur ekki efni á árlegu fríi með fjölskyldu (37,2% á móti 21,9%), á kjöt-, fisk- eða sambærilegri grænmetismáltíð annan hvern dag (10,8% á móti 6,6%), á síma (3,4% á móti 1%), á sjónvarpstæki

(7,3% á móti 2,8%), á þvottavél (5,3% á móti 2,3%), á bíl (21,9% á móti 10%) og að kynda húsakynni sín nægilega (1,9% á móti 1,2%).

**Tafla 6. Efnislegur skortur.**

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	<i>p</i> -gildi
<i>Vanskil á leigu/lánunum</i>				<i>N</i> = 12.144
	9,3%	4,6%	4,8%	0,000**
<i>Ekki árlegt frí með fjölskyldu</i>				<i>N</i> = 12.149
	37,2%	21,9%	22,5%	0,000**
<i>Ekki efni á kjötmáltíð annan hvern dag</i>				<i>N</i> = 12.144
	10,8%	6,6%	6,7%	0,000**
<i>Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum</i>				<i>N</i> = 12.157
	38,5%	28,0%	28,4%	0,000**
<i>Ekki efni á síma</i>				<i>N</i> = 12.142
	3,4%	1,0%	1,1%	0,000**
<i>Ekki efni á sjónvarpstæki</i>				<i>N</i> = 12.144
	7,3%	2,8%	2,9%	0,000**
<i>Ekki efni á þvottavél</i>				<i>N</i> = 12.143
	5,3%	2,3%	2,5%	0,000**
<i>Ekki efni á bíl</i>				<i>N</i> = 12.143
	21,9%	10,0%	10,5%	0,000**
<i>Ekki nægileg upphitun</i>				<i>N</i> = 12.142
	1,9%	1,2%	1,2%	0,000**

Í töflu 7 hafa þeir níu þættir sem sýndir eru í töflu 6 og saman mæla efnislegan skort verið teknir saman greint meðal þeirra sem starfa við ræstingar og þeirra sem eru í öðrum störfum. Þau sem ekki hafa efni á þremur þáttum sem upptaldir eru búa samkvæmt skilgreiningu við efnislegan skort og þau sem ekki hafa efni á fjórum eða fleiri þáttum við verulegan efnislegan skort. Mun lægra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar þurfa ekki að neita sér um neinn þeirra níu efnislegu þátta sem spurt var um (33,5% á móti 56,3%). Hærra hlutfall fólks sem starfar við ræstingar þarf að neita sér um einn (26,4% á móti 17,7%), tvo (12,5% á móti 11%), þrjá (10% á móti 5,4%) og fjóra eða fleiri (8,2% á móti 3,8%) efnislega þætti. Tæplega fimmtungur fólks sem starfar við ræstingar býr við fátækt (18,2%) samanborið við tæplega einn af hverjum tíu (9,2%) meðal þeirra sem sinna öðrum störfum.

Einbreyttuviundagreining sýndi að fólk sem starfar við ræstingar er 70% líklegra en þau sem eru í öðrum störfum til þess að búa við skort á efnislegum gæðum.

**Tafla 7. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á.**

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	P-gildi
Engin skortur	33,5%	56,3%	55,3%	0,000**
Einn þáttur	26,4%	17,7%	18,1%	N = 12.919
Tveir þættir	12,5%	11,0%	11,1%	
Efnislegu skortur	10,0%	5,4%	5,6%	
Verulegur efnislegur skortur	8,2%	3,8%	4,0%	
Vil ekki svara	9,4%	5,8%	6,0%	

### 3.1.4 Fjárhagsaðstoð

Niðurstöður um hvort launafólk hafi fengið fjárhagsaðstoð síðasta árið eftir því hvort það starfi við ræstingar eða eru í öðrum störfum eru sýndar í töflu 8. Taflan sýnir að fólk sem starfar í ræstingum hefur í meira mæli þurft fjárhagsaðstoð frá sveitafélagi (3,3% á móti 1,4%), fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum (3,6% á móti 0,8%) og mataraðstoð (2,8% á móti 1%). Hins vegar hafði lægra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar fengið aðstoð frá ættingjum og vinum (11,5% á móti 12,3%).

**Tafla 8. Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum.**

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	p-gildi
<i>Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags</i>				N = 13.083
	3,3%	1,4%	1,5%	0,000**
<i>Aðstoð frá vinum eða ættingjum í formi matar- eða peningagjafa</i>				N = 13.086
	11,5%	12,3%	12,3%	0,061
<i>Fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum</i>				N = 13.082
	3,6%	0,8%	0,9%	0,000**
<i>Mataraðstoð</i>				N = 13.084
	2,8%	1,0%	1,1%	0,000**

Í töflu 9 hafa þær fjórar gerðir fjárhagsaðstoðar sem sýndar voru í töflu 8, verið teknar saman og greindar eftir því hvort svarendur starfa við ræstingar eða eru í öðrum störfum. Niðurstöðurnar sýna að lægra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar hafði ekki þurft að sækja þá fjárhagsaðstoð sem spurt var um í könnuninni (81,4% á móti 83,9%). Að sama skapi var hærra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar sem hafði þurft eina (12,4% á móti 11,7%), tvær (1,7% á móti 1,1%) og þrjár eða fleiri (1,4% á móti 0,3%) gerðir aðstoðar. Auk þess er hærra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar sem ekki vilja svara spurningunni (3,1% á móti 2,9%).



**Tafla 9.** Fjárhagsaðstoð (samanteknir þættir) á síðastliðnum 12 mánuðum.

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	P-gildi
Ekkert	81,4%	83,9%	83,8%	0,000**
Einn þátt	12,4%	11,7%	11,8%	N = 13.488
Tvo þætti	1,7%	1,1%	1,2%	
Þrjá til fjóra þætti	1,4%	0,3%	0,4%	
Vil ekki svara	3,1%	2,9%	2,9%	

### 3.1.5 Yfirdráttur, smálán, bílalán og önnur skammtímalán

Tafla 10 sýnir hlutfall launafólks sem er með yfirdrátt, smálán, bílalán, önnur skammtímalán eða lán hjá vini/fjölskyldumeðlim greint milli þeirra sem starfa við ræstingar og eru í öðrum störfum. Taflan sýnir að herra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar eru með smálán (16,2% á móti 6,8%), önnur skammtímalán (19,6% á móti 14,5%) og lán hjá vini eða fjölskyldumeðlim (16,3% á móti 15,4%). Aftur á móti er lægra hlutfall sem eru með yfirdrátt (32,8% á móti 35,3%) og með bílalán (29,6% á móti 31,2%).

**Tafla 10.** Hlutfall þeirra sem eru með yfirdrátt, smálán, bílalán, önnur skammtímalán eða lán hjá vini/fjölskyldumeðlim.

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	p-gildi
<i>Yfirdrátt</i>				N = 12.556
	32,8%	35,3%	35,2%	0,000**
<i>Smálán</i>				
	16,2%	6,8%	7,2%	0,000**
<i>Bílalán</i>				
	29,6%	31,2%	31,1%	0,009**
<i>Önnur skammtímalán</i>				
	19,6%	14,5%	14,7%	0,000**
<i>Lán hjá vini eða fjölskyldumeðlim</i>				
	16,3%	15,4%	15,5%	0,065

### 3.1.6 Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða þætti fyrir börn

Svarendur með börn undir 18 ára á heimilinu voru beðnir um að svara hvort fjárskortur síðastliðna 12 mánuði hefði komið í veg fyrir að það gæti meðal annars greitt fyrir leikskólagjöld, frístund, skólamáltíðir, skipulagðar tómstundir, nauðsynlegan fatnað fyrir börnin sín og fleira. Niðurstöðurnar greindar meðal foreldra sem starfa við ræstingar og foreldra í öðrum störfum eru birtar í töflu 11.

Taflan sýnir að mun herra hlutfall foreldra sem starfa við ræstingar gátu ekki greitt leikskólagjöld (7,5% á móti 4%), gjöld fyrir frístundarheimili (8,9% á móti 3,9%), skólagjöld í framhaldsskóla (4,6% á móti 2,3%), skólabækur eða annan námskostnað (6,8% á móti 3,6%), mat

í skóla (10,4% á móti 5,6%), kostnað vegna skipulagðra tómsunda (19,4% á móti 12,2%), kostnað vegna viðburða tengdum skóla (13,8% á móti 5,6%), kostnað vegna félagslífs til dæmis að fara í afmæli til vina eða í bíó (24,9% á móti 14%), afmælis- eða jólagjafir (32,5% á móti 13,7%), nauðsynlegan klæðnað (31,3% á móti 13,9%) og eins næringarríkan mat og foreldrið taldi barnið þurfa (22,2% á móti 12,2%).

**Tafla 11.** Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn.

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	p-gildi
<i>Leikskólagjöld</i>				<i>N = 5.621</i>
	7,5%	4,0%	4,1%	0,000**
<i>Gjöld fyrir frístundaheimili</i>	8,9%	3,9%	4,1%	0,000**
<i>Skólagjöld í framhaldsskóla</i>	4,6%	2,3%	2,4%	0,000**
<i>Skólabækur eða annan námskostnað s.s. tölvubúnað fyrir framhaldsskólanema</i>	6,8%	3,6%	3,7%	0,000**
<i>Mat í skóla ( í gegnum mataráskriftir eða á annan hátt)</i>	10,4%	5,6%	5,8%	0,000**
<i>Kostnað vegna skipulagðra tómsunda</i>	19,4%	12,2%	12,5%	0,000**
<i>Kostnað vegna skólaferðalags eða annarra viðburða tengdum skóla (t.d. öskudagsbúning, sérstakt nesti eða búnað)</i>	13,8%	5,6%	5,9%	0,000**
<i>Kostnað vegna félagslífs (s.s. afmælisgjafir fyrir vini, bíóferðir eða önnur affreying með vinum)</i>	24,9%	14,0%	14,4%	0,000**
<i>Afmælis- og/eða jólagjafir</i>	32,5%	13,7%	14,4%	0,000**
<i>Nauðsynlegan fatnað</i>	31,3%	13,9%	14,6%	0,000**
<i>Eins næringarríkan mat og þú telur barnið þurfa</i>	22,2%	12,2%	12,6%	0,000**

Tafla 12 sýnir hlutfall foreldra með börn á heimili undir 18 ára aldri sem hafa ekki getað greitt fyrir einhverja þeirra 11 þátta sem spurt var um í könnuninni og greint frá í töflu 11 samantekið og greint milli foreldra sem starfa við ræstingar og foreldra í öðrum störfum. Niðurstöðurnar sýna að minna en helmingur (43,3% á móti 69,5%) foreldra sem starfa við ræstingar merkja ekki við neinn þeirra 11 þátta sem spurt var um í könnuninni. Að sama skapi er mun hærra hlutfall foreldra sem starfa við ræstingar sem ekki getað greitt fyrir einn (17,2% á móti 8,9%), tvo (8,7% á móti 6,7%), þrjá (11,6% á móti 5,2%), fimm (6,1% á móti 2,2%) og sex eða fleiri þætti (9,2% á móti 3,6%) samanborið við foreldra sem starfa innan annarra starfsgreina.

**Tafla 12.** Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn (samanteknir þættir).

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	P-gildi
Engan þátt	43,3%	69,5%	68,5%	0,000**
Einn þátt	17,2%	8,9%	9,2%	N = 5.621
Tvo þætti	8,7%	6,7%	6,8%	
Þrjá þætti	11,6%	5,2%	5,5%	
Fjóra þætti	3,8%	3,9%	3,9%	
Fimm þætti	6,1%	2,2%	2,3%	
Sex þætti eða fleiri	9,2%	3,6%	3,8%	

### 3.1.7 Fjárhagsstaða - samantekt

Niðurstöður könnunarinnar sýna að fjárhagsstaða þeirra sem starfa við ræstingar er verri en þeirra sem eru í öðrum störfum á öllum þeim heildarmælikvörðum sem notaðir eru til að meta fjárhagsstöðu. Hærra hlutfall fólks sem starfar við ræstingar á mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman (59,3% á móti 42,5%) og mun hærra hlutfall þeirra á erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman (29,2% á móti 17,2%). Sama mynstur sést þegar litið er til þeirra sem ekki geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar. Hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar og gætu ekki mætt svo háum útgjöldum er 49,6% en 37% meðal þeirra sem eru í öðrum störfum. Það sama á við um efnislegan skort en mun hærra hlutfall fólks sem starfar við ræstingar býr við fátækt (18,2% á móti 9,2%) og af þeim búa 8,2% við verulegan efnislegan skort eða sárafátækt. Verri fjárhagsstaða þeirra sem starfa við ræstingar endurspeglast auk þess í því að þau hafa í meira mæli þurft á einni (12,4% á móti 11,7%), tveimur (1,7% á móti 1,1%) og þremur eða fleiri (1,4% á móti 0,3%) tegundum fjárhagsaðstoðar að halda. Til viðbótar hafa þau sem starfa við ræstingar í mun meira mæli þurft að taka smálán (16,2% á móti 6,8%), önnur skammtímalán (19,6% á móti 14,5%) og eru auk þess í fleiri tilfellum með lán hjá vinum eða fjölskyldumeðlimum (16,3% á móti 15,4%). Slæm fjárhagsstaða þeirra sem starfa við ræstingar hefur ekki einungis áhrif á þeirra eigin lífsskilyrði heldur einnig á aðstæður barna þeirra. Niðurstöður könnunarinnar sýna að sú slæma fjárhagsstaða sem þau sem starfa í ræstingum búa við hefur þau áhrif að þau eru einnig mun líklegri til að geta ekki greitt fyrir grundvallarþætti fyrir börnin eins og nauðsynlegan klæðnað, næringarríkan mat, tómstundir og félagslíf í tengslum við skólastarf, sökum slæmrar fjárhagsstöðu.

### 3.2 Staða á húsnæðismarkaði

Hér á eftir verður staða á húsnæðismarkaði greind meðal þeirra sem starfa við ræstingar og þeirra sem eru í öðrum störfum. Fyrst er skoðað í hvers konar húsnæði fólk býr í og því næst er byrði húsnæðiskostnaðar skoðuð eftir stöðu á húsnæðismarkaði.

Tafla 13 sýnir að mun lægra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar býr í eigin húsnæði (38,6% á móti 71,9%). Að sama skapi er mun hærra hlutfall sem býr í leiguhúsnæði á almennum markaði (49,7% á móti 17,9%) og nokkuð hærra hlutfall er í leiguhúsnæði á vegum óhagnaðardrífanna leigusamtaka (7% á móti 3,4%). Lægra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar býr hjá foreldrum eða ættingjum (4,3% á móti 5,5%) og í húsnæði á vegum atvinnurekanda (0,5% á móti 0,8%).

**Tafla 13.** Staða á húsnæðismarkaði.

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	<i>P</i> -gildi
Eigin húsnæði	38,6%	71,9%	70,6%	0,000**
Leiguhúsnæði á almennum markaði	49,7%	17,9%	19,1%	<i>N</i> = 13.443
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum	7,0%	3,4%	3,5%	
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	0,5%	0,8%	0,8%	
Hjá foreldrum/ættingjum	4,3%	5,5%	5,4%	
Annað	0%	0,6%	0,6%	

#### 3.2.1 Byrði húsnæðiskostnaðar

Í töflu 14 má sjá byrði við rekstur húsnæðis, þar með talið afborganir húsnæðislána, leigu, tryggingar, fasteignagjöld, viðhald og viðgerðir, meðal þeirra sem starfa við ræstingar og þeirra sem eru í öðrum störfum. Meirihluti þeirra sem starfa við ræstingar býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði og er hlutfallið mun hærra en hjá þeim sem eru í öðrum störfum (64,4% á móti 41,3%). Að sama skapi er mun lægra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar sem býr við nokkra byrði (26,8% á móti 43,7%) og enga byrði af húsnæðiskostnaði (6,7% á móti 12,4%).

**Tafla 14.** Byrði húsnæðiskostnaðar eftir.

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	<i>P</i> -gildi
Þung byrði	64,4%	41,3%	42,2%	0,000**
Nokkur byrði	26,8%	43,7%	43,0%	<i>N</i> = 12.977
Engin byrði	6,7%	12,4%	12,1%	
Vil ekki svara	2,1%	2,7%	2,7%	

Tafla 15 sýnir byrði húsnæðiskostnaðar milli þeirra sem starfa við ræstingar og þeirra sem eru í öðrum störfum eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Niðurstöðurnar sýna að hærra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar búa við þunga byrði af húsnæðiskostnaði hvort sem þau eru í leiguhúsnæði á

almennum markaði (73,4% á móti 64,5%), í eigin húsnæði (51,8% á móti 35,3%) eða leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum (63% á móti 57,3%).

**Tafla 15.** Byrði húsnæðiskostnaðar eftir stöðu á húsnæðismarkaði.

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	P-gildi
<i>Eigin húsnæði</i>				
Þung byrði	51,8%	35,3%	35,7%	0,000**
Nokkur byrði	33,2%	49,1%	48,7%	<i>N</i> = 8.832
Engin byrði	15,1%	14,1%	14,1%	
Vil ekki svara	0%	1,5%	1,5%	
<i>Leiguhúsnæði á almennum markaði</i>				
Þung byrði	73,4%	64,5%	65,3%	0,000**
Nokkur byrði	22,8%	28,0%	27,5%	<i>N</i> = 2.748
Engin byrði	1,6%	4,9%	4,6%	
Vil ekki svara	2,1%	2,6%	2,5%	
<i>Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum</i>				
Þung byrði	63,0%	57,3%	57,7%	0,000**
Nokkur byrði	27,6%	36,6%	35,9%	<i>N</i> = 415
Engin byrði	2,1%	5,3%	5,0%	
Vil ekki svara	7,3%	0,8%	1,4%	
<i>Samtals</i>				
Þung byrði	64,0%	41,9%	42,8%	0,000**
Nokkur byrði	27,3%	44,4%	43,8%	<i>N</i> = 11.995
Engin byrði	7,0%	12,0%	11,8%	
Vil ekki svara	1,7%	1,7%	1,7%	

### 3.3 Heilsufar

Í kaflanum er fjallað um heilsufar þeirra sem starfa við ræstingar í samanburði við fólk í öðrum störfum. Í könnuninni voru þátttakendur spurðir um bæði líkamlega og andlega heilsu sína út frá stöðluðum sjálfsmatskvarða.

Til að meta líkamlega heilsu voru þátttakendur beðnir um að meta hana sjálfir út frá beinni spurningu um líkamlega heilsu nú um stundir. Andlega heilsan var hins vegar metin út frá PHQ-9 kvarðanum, stöðluðum spurningalista sem tekur til núu einkenna andlegrar vanlíðunar (sjá 2.4. Mælingar).

Í lífskjararannókn Hagstofu Íslands má finna upplýsingar, til ársins 2018, um sjálfmetna heilsu landsmanna, en um 77% taldi sig vera við góða heilsu það árið. Þegar upplýsingarnar eru skoðaðar með tilliti til tekjufimmtunga má hins vegar sjá að einungis um 66% þeirra í lægsta tekjufimmtunginum telja sig vera við góða heilsu á móti 86% þeirra í efsta tekjufimmtunginum (Hagstofa Íslands, 2019).

### 3.3.1 Líkamlegt heilsufar

Tafla 16 sýnir að hærra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar samanborið við þau sem eru í öðrum störfum meta líkamlega heilsu frekar slæma (16,7% á móti 13,7%) og mjög slæma (5,2% á móti 1,3%). Að sama skapi er ögn lægra hlutfall sem metur líkamlegt heilsufar sitt mjög gott (10,4% á móti 11,9%) og frekar gott (29,2% á móti 38,1%).

**Tafla 16.** Líkamlegt heilsufar.

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	<i>P</i> -gildi
Mjög gott	10,4%	11,9%	11,8%	0,000**
Frekar gott	29,2%	38,1%	37,8%	<i>N</i> = 12.601
Hvorki gott né slæmt	38,5%	34,9%	35,1%	
Frekar slæmt	16,7%	13,7%	13,8%	
Mjög slæmt	5,2%	1,3%	1,5%	

### 3.3.2 Andlegt heilsufar

Tafla 17 sýnir hlutfall þeirra sem finna nánast daglega fyrir neikvæðum andlegum einkennum greint meðal þeirra sem starfa við ræstingar og þeirra sem eru í öðrum störfum. Hærra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar finna nær daglega fyrir öllum þeim níu einkennum sem spurt var um í könnuninni. Þannig upplifir hærra hlutfall næra daglega lítinn áhuga eða gleði við að gera hlutina (23% á móti 13,1%), hafa verið niðurdregin, döpur eða vonlaus (24,9% á móti 9,9%), átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina (31,9% á móti 17,7%), fundið fyrir þreytu eða orkuleysi (37,4% á móti 24,9%), átt við lystarleysi eða ofát (20,2% á móti 11,8%), liðið illa með sig eða fundist að þau hafi ekki staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfu sér eða fjölskyldu sinni (23,8% á móti 15%), átt í erfiðleikum með einbeitingu (21,5% á móti 12,3%), hreyft sig eða talað svo hægt að tekið hafi verið eftir því eða hið gagnstæða, verið eirðarlaus eða óróleg og hreyft sig miklu meira en venjulega (10% á móti 6,1%) og hugsað að það væri betra ef þau væru dáið eða um að skaða sig (3,8% á móti 2,2%). Þannig mælist tæplega helmingur (46,1%) þeirra sem starfa við ræstingar með slæma andlega heilsu og er hlutfallið mun hærra en hjá þeim sem eru í öðrum störfum (35,8%). Þau eru því 1,4 sinnum líklegri en fólk í öðrum störfum til þess að búa við slæma andlega heilsu (sjá aðhvarfsgreiningu í viðauka).

**Tafla 17.** Hlutfall þeirra sem finnur nánast daglega fyrir neikvæðum andlegum einkennum.

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	P-gildi
<i>Litlum áhuga eða gleði við að gera hlutina</i>				N = 12.526
	23,0%	13,1%	13,5%	0,000**
<i>Verið niðurdregin, döpur, vonlaus</i>				N = 12.500
	24,9%	9,9%	10,5%	0,000**
<i>Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina</i>				N = 12.547
	31,9%	17,7%	18,3%	0,000**
<i>Fundið fyrir þreytu og orkuleysi</i>				N = 12.527
	37,4%	24,9%	25,4%	0,000**
<i>Átt við lystarleysi eða ofát</i>				N = 12.434
	20,2%	11,8%	12,2%	0,000**
<i>Liðið illa með sjálfst sig eða fundist þau ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfum sér eða fjölskyldu sinni</i>				N = 12.526
	23,8%	15,0%	15,3%	0,000**
<i>Átt í erfiðleikum með einbeitingu</i>				N = 12.518
	21,5%	12,3%	12,6%	0,000**
<i>Hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða – verið eirðarlaus eða óróleg og hreyft sig miklu meira en venjulega</i>				N = 12.509
	10,0%	6,1%	6,2%	0,000**
<i>Hugsað um að það væri betra að vera dáin(n) eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt</i>				N = 12.483
	3,8%	2,2%	2,3%	0,000**
<i>Slæm andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum (10-27 punktar á heildarkvarða)</i>				N = 12.468
	46,1%	35,8%	36,2%	0,000**

### 3.3.3 Heilsufar– samantekt

Niðurstöður könnunarinnar sýna að andleg- og líkamleg heilsa þeirra sem starfa við ræstingar er verri en þeirra sem eru í öðrum störfum. Þannig er lægra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar sem metur líkamlegt heilsufar sitt mjög gott (10,4% á móti 11,9%) og frekar gott (29,2% á móti 38,1%) og hærra hlutfall sem metur hana frekar slæma (16,7% á móti 13,7%) og mjög slæma (5,2% á móti 1,3%). Mun hærra hlutfall býr við slæma andlega heilsu eða tæplega helmingur (41,1% á móti 35,8%) og hærra hlutfall upplifir nær daglega öll þau neikvæðu andlegu einkenni sem spurt er um í könnuninni.

### 3.4 Starfstengd kulnun

Starfstengd kulnun þátttakenda var metin út frá Kaupmannahafnar kulnunarkvarðanum (sjá nánar í kafla 2.4 Mælingar). Í kaflanum verður greint frá starfstengdri kulnun meðal þeirra sem starfa við ræstingar í samanburði við þau sem eru í öðrum störfum.

Tafla 18 sýnir stig starfstengdrar kulnunar meðal þeirra sem starfa við ræstingar og þeirra sem eru í öðrum störfum. Samkvæmt skilgreiningu eru þau sem eru með 0-6 stig á kvarðanum ekki með kulnunareinkenni. Þau sem eru með 7-13 stig ættu að verða meðvituð um nokkur einkenni og 14-20 stig gefa til kynna að kulnunareinkenni séu til staðar sem grípa þyrfti inn í. Aftur á móti teljast þau sem eru með 21 stig eða fleiri, útbrunnin eða örmagna og þyrftu tafarlausa aðstoð. Af töflunni má sjá að þó nokkuð hærra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar eru með alvarleg einkenni kulnunar (12,1% á móti 9,9%) og eru með kulnunareinkenni sem þarf að bregðast við (34% þeirra á móti 27,9%). Aðhvarsgreining (sjá viðauka) sýndi að þau sem starfa við ræstingar eru 58% líklegri en fólk í öðrum störfum til þess að mælast með kulnun eða örmögnun.

**Tafla 18.** Stig starfstengdrar kulnunar.

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	<i>P</i> -gildi
0-6 stig	16,3%	21,8%	21,6%	0,000**
7-13 stig	37,5%	40,4%	40,3%	<i>N</i> = 12.585
14-20 stig	34,0%	27,9%	28,1%	
21+ stig	12,1%	9,9%	10,0%	



### 3.5 Réttindabrot á vinnumarkaði

Í þessum kafla verður fjallað um launaþjófnað og önnur réttindabrot á vinnumarkaði en í könnuninni voru þátttakendur spurðir hvort brotið hefði verið á réttindum þeirra á síðastliðnum 12 mánuðum, svo sem með vangoldnum launum, vangreiðslum á álagi og öðrum réttindabrotum.

Tafla 19 sýnir hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir réttindabrotum á síðastliðnum 12 mánuðum meðal þeirra sem starfa við ræstingar og þeirra sem sinna öðrum störfum. Hærra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar hafa orðið fyrir fjórum að þeim sex tegundum réttindabrota sem tilgreind voru í könnuninni. Hærra hlutfall hafði fengið greidd röng laun (33,2% á móti 22,2%), rangt greitt fyrir yfirvinnu (28,4% á móti 14,6%), ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning (5,7% á móti 4,4%) og ekki fengið greitt stórhátíðarálag (10,7% á móti 4,4%). Hins vegar mældist ekki marktækur munur milli þeirra sem starfa við ræstinga og þeirra sem eru í öðrum störfum hvað varðar að fá laun greidd of seint og að hafa ekki fengið kjarasamningsbundna orlofs- og/eða desemberuppbót.

**Tafla 19.** Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði.

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	P-gildi
				<i>N</i> = 10.574
Fengið greidd röng laun	33,2%	22,2%	22,5%	0,000**
Fengið rangt greitt fyrir yfirvinnu	28,4%	14,6%	15,1%	0,000**
Fengið laun greidd of seint	6,5%	7,3%	7,3%	0,183
Ekki fengið kjarasamnings-bundna orlofs- og/eða desemberuppbót	4,7%	4,7%	4,7%	0,091
Ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning	5,7%	4,4%	4,5%	0,012*
Ekki fengið greitt stórhátíðarálag	10,7%	4,4%	4,6%	0,000**
Annað	1,1%	0,7%	0,7%	0,056

Í töflu 20 hafa þau réttindabrot sem tilgreind eru í töflu 19 verið tekin saman og sýnir taflan því fjölda þeirra réttindabrota þau sem starfa við ræstingar og þau sem eru í öðrum störfum hafa orðið fyrir á síðastliðnum 12 mánuðum. Niðurstöðurnar sýna að þó nokkuð hærra hlutfall þeirra sem starfa við ræstingar hafa orðið fyrir einu broti (35,1% á móti 22,2%), tveimur brotum (15,4% á móti 8,6%) og þremur eða fleiri brotum (6,6% á móti 5,3%) á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði.

Aðhvarfsgreining sýndi jafnframt að fólk sem starfar við ræstingar er tvisvar sinnum líklegra en fólk í öðrum störfum til þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum síðastliðna 12 mánuði.

**Tafla 20.** Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði.

	Fólk í ræstingum	Önnur störf	Samtals	P-gildi
Engin brot	42,9%	63,6%	62,9%	0,000**
Ein tegund brots	35,1%	22,5%	23,0%	<i>N</i> = 10.574
Tvær tegundir brota	15,4%	8,6%	8,8%	
Þrjár eða fleiri tegundir brota	6,6%	5,3%	5,3%	

## Heimildarskrá

- Agnes Agnarsdóttir, Hafrún Kristjánsdóttir, Jakob Smári, Jón Friðrik Sigurðson, & Pétur Tyrfingsson. (e.d.). *PHQ-9 í íslenskri þýðingu*.
- Andri Steinþór Björnsson, Karen Jónsdóttir, Signý Sigurðardóttir, Inga Wessman, Ólafía Sigurjónsdóttir, Auður Sjöfn Þórisdóttir, Jóhann Pálmar Harðarsons, & Guðmundur Arnkelsson. (2018). Próffræðilegir eiginleikar Sheehan Disability Scale, Quality of Life Scale og Patient Health Questionnaire í íslenskri þýðingu. *Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 23, 91-100.
- Berglind Harpa Svavarsdóttir, & Elísabet Hjörleifsdóttir. (2020). Streita, kulnun og bjargráð á meðal hjúkrunarfræðinga á bráðalegudeildum. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 96(1), 68-75.
- Borritz, M., & Kristensen, T. S. (2004). *CBI (Copenhagen Burnout Inventory) – Et spørgeskema til måling af udbrændthed*.
- Bos, A., Boselie, P., & Trappenburg, M. (2017). Financial performance, employee well-being, and client well-being in for-profit and not-for-profit nursing homes. *Health Care Management Review*, 42(4), 352-368.
- Hagstofa Íslands. (2019). *Fólk við góða heilsu eftir kyni og tekjufimmtingum 2004-2018*.
- Hagstofa Íslands. (2020). *Fjárhagur/Viðtakendur fjárhagsaðstoðar*.
- Hagstofa Íslands. (2022a). *Heimili í fjárhagsvandræðum eftir heimilisgerð 2004-2021*.
- Hagstofa Íslands. (2022b). *Íþyngjandi húsnæðiskostnaður heimila eftir stöðu á húsnæðismarkaði 2004-2021*.
- Hagstofa Íslands. (2022c). *Mannfjöldi eftir sveitarfélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum 2010-2022*.
- Hagstofa Íslands. (2022d). *Skortur á efnislegum gæðum eftir heimilisgerð og stöðu á húsnæðismarkaði 2008-2021*.
- Hagstofa Íslands. (2023). *Mesta fjölgun íbúa frá upphafi*.
- Kroenke, K., & Spitzer, R. L. (2002). The PHQ-9: A new depression diagnostic and severity measure. *Psychiatric Annals*, 32(9), 509-515.
- Varða – rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins. (2022). *Staða launafólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB*.

## Viðauki I

**Tafla 21.** Einbreytutvíundagreining. Geta ekki mætt 80. þúsund króna óvæntum útgjöldum.

	B	SE	OR	95% CI	p-gildi
<b>Starfsvettvangur</b>					
Ræstingar	-,796	,028	0,45	-0,85 – [-0,74]	,000**
Önnur störf					

\* p < 0,05

\*\*p < 0,01

† Háða breytan: Gætir þú mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum í dag án þess að stofna til skuldar? (1= Nei, 2 = Já)

**Tafla 22.** Einbreytutvíundagreining. Skortur á efnislegum gæðum.

	B	SE	OR	95% CI	p-gildi
<b>Starfsvettvangur</b>					
Ræstingar	-1,205	,036	0,30	-1,28 – [-1,13]	,000**
Önnur störf					

\* p < 0,05

\*\*p < 0,01

† Háða breytan: Skortur á efnislegum gæðum (1 = Efnislegur skortur, 2 = Enginn skortur)

**Tafla 23.** Einbreytutvíundagreining. Réttindabrot á vinnumarkaði.

	B	SE	OR	95% CI	p-gildi
<b>Starfsvettvangur</b>					
Ræstingar	,700	,031	2,01	0,64 – 0,76	,000**
Önnur störf					

\* p < 0,05

\*\*p < 0,01

† Háða breytan: Hefur þú orðið fyrir réttindabroti/um á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði (0 = Engin brot, 1 = Hef orðir fyrir broti/um á vinnumarkaði.)

**Tafla 24.** Einbreytutvíundagreining. Andleg líðan.

	B	SE	OR	95% CI	p-gildi
<b>Starfsvettvangur</b>					
Ræstingar	,339	,026	1,40	0,29 – 0,39	,000**
Önnur störf					

\* p < 0,05

\*\*p < 0,01

† Háða breytan: Andleg líðan, heildarskor (0 = Góð til miðlungs góð andleg heilsa, 1 = Slæm andleg heilsa)

**Tafla 25.** Einbreytutvíundagreining. Starfstengd kulnun.

	B	SE	OR	95% CI	p-gildi
<b>Starfsvettvangur</b>					
Ræstingar	-,858	,045	0,42	-0,95 – [-0,77]	,000**
Önnur störf					

\* p < 0,05

\*\*p < 0,01

† Háða breytan: Starfstengd kulnun, heildarskor (1 = Starfstengd kulnun, 2 = Engin kulnunareinkenni)